



Prestur: Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson

Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Suðurnesja

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í Kiwanissalnum við Heiðartún 4 í Garði (gegn sjoppunni) að athöfn lokinni.



Óskar Ölversson

Fæddur 11. apríl 1967

Dáinn 25. október 2025



Útför frá Útskálakirkju
miðvikudaginn 5. nóvember 2025

Forspil

Í bljúgri bæn

Pétur Þórarinsson / Amerískt þjóðlag

Ávarp signing & Bæn

Vor í Vaglaskógi

Kaleo

Ritningarlestur

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja
eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum,
er rökkvar ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niðrað strönd.
Fundið stað, sameinað
beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin
í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin,
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn.
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar,
ég reyndar sé þig alls staðar,
þá napurt er.
Það næðir hér og nístir mig.

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason

Ritningarlestur

I Think of Angels

K.K.

Guðspjall

Wish You were here

Pink Floyd

Minningarorð

Syneta

Bubbi Morteheens

Bæn & Faðir vor

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

Moldun

Blessun

Eftirspil

Hallelujah

Jeff Buckley